

## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 7. september 2021.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Íva Rut Viðarsdóttir, Þórunn Eggertsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Árni Geir Eypórsson og Einar Gíslason.

### **1. Þing ÍBR laugardaginn 2. október 2021**

Hestamannafélagið Fákur á fjóra fulltrúa á þing ÍBR sem haldið verður 2. október milli 10:00 og 15:00.

### **2. Útgáfa á bók um sögu Fáks**

Bókin „Fákur – Þarfasti þjónninn í Reykjavík“ er tilbúin og fer í prentun í mánuðinum. Vel gekk að safna styrkjum og ættu þeir ásamt áætlun um bóksölu að dekla kostnað verksins. Gangi allt eftir má búast við að bókin verði klár til afhendingar um miðjan október.

### **3. Deiliskipulagsbreyting í Almannadal**

Stjórn hefur tekið saman og svarað þeim athugasemdum sem bárust vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsbreytingu á hesthúsasvæðinu á Hólmsheiði. Verða svör birt á heimasíðu félagsins á næstu dögum.

### **4. Farið yfir framkvæmdir**

Farið var yfir framkvæmdir sumarsins. Þökin á félagsheimilinu, félagshesthúsinu og Brekknaási 9 voru máluð.

Framkvæmdastjóri skal leggja fram tillögur að framkvæmdum fyrir næsta ár.

### **5. Herrakvöldið**

Skipuleggjendur hittust mánudaginn 6. september og hófu skipulagningu á Herrakvöldinu. Fyrirhugað er að halda það 2. október 2021.

### **6. Afmælisár Fáks 2022**

Búið er að leggja drög að viðburðum á afmælisárinu 2022. Afmælisblað Fáks verður gefið út í byrjun janúar.

Stórsýning Fáks og dagur reiðmennskunnar verður á sínum stað. Búið er að bóka Gullhamra fyrir árshátíð laugardaginn 23. apríl 2022, en Fákur var stofnaður 24. apríl 1922. Þá er stefnan að hafa Reykjavíkurmeistaramót sérstaklega vegleg afmælistót.

### **7. Gullmerki Fáks**

Stjórn samþykkir að skipa nefnd sem mun gera tillögu að veitingu Gullmerkis Fáks á næsta ári.

**Fundi slitið 18:25**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**